
Efnistaka við Affall, Rangárþingi eystra Álit um mat á umhverfisáhrifum

1 Inngangur

1.1 Framlagning matsskýrslu og ósk um álit

Þann 7. október 2021 lagði Hólaskarð ehf. fram matsskýrslu um efnistöku við Affall í landi Vorsabæjar í Rangárþingi eystra og óskaði eftir álitum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sbr. 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulagsstofnun staðfesti móttöku matsskýrslunnar þann 7. október 2021. Sérfræðingar Skipulagsstofnunar skoðuðu framkvæmdasvæðið á vettvangi fimmtudaginn 14. október 2021.

Ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana tóku gildi þann 1. september sl. Þar sem frummatsskýrsla vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar var send Skipulagsstofnun fyrir gildistöku nýju laganna er heimilt að ljúka umhverfismati samkvæmt þeirri málsmeðferð sem gildir í eldri lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, skv. ákvæðum til bráðabirgða í nýsamþykktum lögum og er það gert í þessu tilfalli.

Gögn

Matsskýrsla: Efnistaka við Affall í landi Vorsabæjar í Rangárþingi eystra. Matsskýrsla. Hólaskarð ehf. og Environice, 9. september 2021.

Viðaukar með matsskýrslu:

- Viðauki 1. Samantekt umsagna og athugasemda við frummatsskýrslu.
- Viðauki 2. Samantekt athugasemda við frummatsskýrslu og viðbrögð við þeim.

Eftir að matsskýrsla lá fyrir óskaði Skipulagsstofnun frekari upplýsinga frá Hólaskarði ehf. um tiltekin atriði og bærust svör við þeim 19. október 2021.

1.2 Kynning frummatsskýrslu

Hólaskarð ehf. lagði fram frummatsskýrslu um efnistöku við Affall í landi Vorsabæjar í Rangárþingi eystra til athugunar Skipulagsstofnunar þann 20. maí 2021, sbr. 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 27. maí 2021 í Lögbirtingablaðinu og Fréttablaðinu. Frummatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 28. maí til 9. júlí á skrifstofu Rangárþings eystra, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Rangárþings eystra, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Gögn

Frummatsskýrsla: Efnistaka við Affall í landi Vorsabæjar í Rangárþingi eystra. Frummatsskýrsla. Hólaskarð ehf. og Environice, 18. maí 2021.



Umsagnir um frummatsskýrslu bárust frá:

Rangárþingi eystra 24. júní 2021, Fiskistofu 22. júní 2021, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 21. júní 2021, Minjastofnun Íslands 18. júní 2021, Náttúrufræðistofnun Íslands 18. júní 2021 og Umhverfisstofnun 31. maí 2021.

2 Framkvæmd

2.1 Framkvæmd og markmið

Samkvæmt matsskýrslu hófst efnistaka í landi Vorsabæjar árið 2019 en framkvæmdaraðili er með framkvæmdaleyfi til að vinna allt að 49.000 m³ af malarefni. Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér efnistöku á allt að 630.000 m³ af malarefni til viðbótar á sama svæði. Heildarefnistaka á svæðinu verður því 679.000 m³ og heildarröskun um 22,6 ha. Áætlaður vinnslutími er um 20-25 ár. Í næsta nágrenni er ófrágengið efnistökusvæði í landi Berjaness þar sem efnistaka hefur farið fram í áratugi.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að mæta efnisþörf fyrir framleiðslu á steypu og öðru unnu efni í nágrenni við efnistökusvæðið. Framkvæmdasvæðið er staðsett rétt norðan við Suðurlandsveg um 10 kílómetra frá Hvolsvelli.

2.2 Framkvæmdalýsing

2.2.1 Staðhættir og aðkoma

Aðkoma að efnistökusvæðinu er um námuveg í landi Berjaness, vestan megin Affalls og yfir ræsi sem komið hefur verið fyrir í Affalli til að komast austur fyrir ána að efnistökusvæði í landi Vorsabæjar og þarf því ekki að ráðast í frekari vegaf framkvæmdir.

2.2.2 Vinnsluáætlun, umgengni og frágangur

Í matsskýrslu Hólaskarðs kemur fram að unnið sé í námunni miðað við eftirspurn hverju sinni og efnisþörf undanfarin ár hafi verið um 25-30.000 m³ á ári. Ekki er um áfangaskipta efnistöku að ræða þar sem unnið er í námunni jafnt og þétt, frá suðvesturenda efnistökusvæðis og austur eftir og verður gengið jafnóðum frá því svæði sem búið er að vinna. Áður en efnisvinnsla hefst eru fjarlægðir um 20 cm af yfirborðsefni, sem komið er fyrir í hryggjum á ákveðnum reitum. Vandað verður til verka við að ná gróðri og lyngi heillegu svo hægt sé að nýta það við frágang á svæðinu. Vinnsludýpt verður um þrjú metrar og þar sem stutt er niður á jarðvatn fyllist gryfjan fljótt af vatni og við það myndast tjarnir á efnistökusvæði. Gróðurinn, sem tekinn var heillegur af yfirborði, er nýttur til að græða upp bakka tjarnanna og annað efni sem var geymt í fyrrnefndum hryggjum er notað til þess að búa til hólma í tjörnunum. Markmiðið með þessu er þríþætt; í fyrsta lagi að nýta staðargróður sem mest og draga þannig úr neikvæðum áhrifum á gróður, í öðru lagi að jafna út landslagið og draga þannig úr neikvæðum áhrifum á landslag og ásýnd, og í þriðja lagi að laða að fugla. Þar sem efnistökusvæðið var gróið áður en efnistaka hófst hefur verið og verður lögð áhersla á nýta jarðveg, svarðlag og lífrænt efni eins og kostur er við frágang. Frágangi svæðisins er lokið þegar yfirbragð gróðurs er í samræmi við grenndargróður og fyrirhugaða nýtingu og svæðið fellur sem best að umhverfi sínu. Frágangur í lok vinnslutíma verður unninn í nánú samráði við hlutaðeigandi aðila, svo sem landeigendur, sveitarfélagið og þær stofnanir sem hafa eftirlits- og umsagnarhlutverki að gegna.



2.2.3 Fyrirkomulag efnistöku og tækjakostur

Í matsskýrslu Hólaskarðs kemur fram að aðeins einn starfsmaður sé að jafnaði við vinnu á svæðinu en auk þess koma u.þ.b. tveir efnisflutningabílar daglega til að sækja efni. Engin starfsmannaaðstaða, geymsluskúrar né annar húsakostur vegna framkvæmdarinnar er á svæðinu og engar eldsneytisbirgðir. Olíubíll kemur eftir þörfum u.þ.b. vikulega. Helsti tækjabúnaður við verkið er hjólaskófla, beltagrafa og jarðvegsharpa. Færanleg mólunarsamstæða verður einnig notuð ef af framleiðslu klæðningarefnis verður, en slíkt gæti orðið á nokkurra ára fresti. Fyrirkomulag efnistöku er með þeim hætti að efninu er mokað upp með gröfu, sett í gegnum hörpu þar sem það er flokkað í stærðir og að endingu er það haugsett með hjólaskóflu. Því næst er því mokað á bíla sem flytja það í steypustöð.

3 Mat á umhverfisáhrifum

Í matsskýrslu Hólaskarðs ehf. eru notaðar vægiseinkunnirnar verulega neikvæð, talsvert neikvæð, óveruleg, talsvert jákvæð og verulega jákvæð umhverfisáhrif. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnum á bls. 18 til 20 í matsskýrslunni. Skipulagsstofnun notast við sömu einkunnir í áliti þessu að viðbættum einkunnum nokkuð neikvæð sem eiga við um staðbundin áhrif sem ná ekki yfir umfangsmikið svæði, áhrifsvæðið nýtur ekki verndar eða er á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum en áhrifin geta verið að hluta varanleg og óafturkræf sem er vægasta einkunnin utan óverulegra áhrifa.

3.1 Áhrif á jarðmyndanir

3.1.1 Mat framkvæmdaraðila

Í matsskýrslu Hólaskarðs er gerð grein fyrir uppruna jarðefnanna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Greint er frá því að þau séu jökuláráurar frá nútíma. Á svæðinu séu ummerki um mörg jökulhlaup í Markarfljóti þar sem fljótið hefur flæmst um svæðið allt að Þjórsá. Efsti hluti setsins séu straumvatnaset, sem skiptist í lög af mól og sandi sem ár hafi byggt upp. Undir straumvatnasetinu er sjávarset myndað á grunnsævi við lok ísaldar.

Fram kemur að jarðefni verða flutt á brott og eru áhrifin því varanleg en áhrif efnisvinnslunnar ná þó ekki til umfangsmikils svæðis. Ekki fara forgörðum jarðmyndanir sem þykja sérstæðar eða einstakar á landsvísu og ekki er um að ræða jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Þegar horft er til þessara atriða er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á jarðmyndanir séu óveruleg.

3.1.2 Niðurstaða

Um er að ræða varanlegt jarðefnanám sem felst í eyðingu jarðmyndunar án þess að unnt sé að bæta hana með einhvers konar endurheimt. Setlögin eru hluti af umfangsmikilli setmyndun sem teygir sig langt út fyrir framkvæmdasvæðið en nákvæm afmörkun hennar er óljós. Þó svo að jarðmyndunin sé talsvert útbreidd er myndunarsagan ekki fyllilega þekkt. Skipulagsstofnun telur hins vegar að setlögin við Affall hafi ekki mikið verndargildi líkt og fram kemur í matsskýrslu. Skipulagsstofnun er sammála því sem kemur fram í matsskýrslu að vel fari á því að hafa fremur færri og stærri námur en hlífa með því fleiri jarðmyndunum við raski. Í tilviki efnistökuinnar við Affall sé rökrétt að staðsetja hana á sama svæði og efni hefur verið tekið áður, þar sem náman er skammt frá eldri námu í landi Berjaness. Skipulagsstofnun telur í ljósi ofangreinds að áhrif á jarðmyndanir verði nokkuð neikvæð þar sem um er að ræða varanleg og óafturkræf en staðbundin áhrif á



jarðmyndun sem ekki er fyllilega ljóst hversu mikil er að umfangi en sem nýtur ekki verndar skv. lögum um náttúruvernd.

3.2 Áhrif á fiska og veiði

3.2.1 Mat framkvæmdaraðila

Í matsskýrslu Hólaskarðs kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir beinum áhrifum á fiska í ánni þar sem efnistakan á sér stað að lágmarki 100 metra frá bökkum árinna, en ræsi hafi verið komið fyrir í Affall. Affall er bergvatnsskvísl sem renni á mörkum Austur- og Vestur-Landeyja og fellur til hafs á milli Hallgeirseyjar og Bergþórshvols. Frá Affalli að ósum Markarfljóts eru hátt í 19 km. Sjóbirtingur hafi alltaf gengið í ána og bleikja finnast þar einnig í litlum mæli, en lax hefur verið ræktaður í ánni um árabil. Alls hafi veiðst 1.422 laxar sumarið 2020 en allir veiðistaðir séu fyrir neðan þjóðveg og því ekki í nánd við fyrirhugað framkvæmdasvæði, sem er fyrir ofan þjóðveg. Þó framkvæmdin hafi ekki bein neikvæð áhrif á fiska í Affalli væri hægt að fara í aðgerðir til að bæta búsvæði sjóbirtings og þar með viðhalda náttúrulega stofninum í ánni. Sá möguleiki verði skoðaður að framkvæmdum loknum og í samráði við hlutaðeigandi aðila, s.s. landeiganda og veiðifélagið á staðnum. T.d. væri unnt að koma fyrir grjóthnullungum í ánni til að auka líkur á farsælli hrygningu sjóbirtings. Áhrif framkvæmdarinnar á fiska og veiðihagsmuni veðri minniháttar m.t.t. umfangs svæðis og talin geta haft jákvæð áhrif á sjóbirting. Á heildina litið eru áhrif efnisvinnslunnar á fiska því talin jákvæð en óveruleg.

3.2.2 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur litlar líkur til að efnistaka við Affall komi til með að skaða eða skerða lífsskilyrði fiska eða hagsmuni veiðimanna í ánni. Nú þegar er margra ára reynsla af efnistöku á svæðinu og sambýli hennar við veiðihagsmuni. Þar sem ræsi er komið í farveg árinna þá er unnt að komast að efnistökusvæðinu á þurru og dregur það verulega úr líkum á því að olía eða einhvers konar óhreinindi berist í vatnið. Þá dregur það mjög úr líkum á því að lífríki árinna verði fyrir raski að efnistakan er í u.þ.b. 100 metra fjarlægð frá farvegi árinna og fjarri helstu veiðistöðum. Ekkert í reglubundinni starfsemi hefur í för með sér losun á efnum í ána eða beina snertingu við farveg árinna. Neikvæð áhrif verða þá aðeins að eitthvað fari úrskaiðis í starfseminni sem fylgir efnistökunni. En líkur á því eru ekki miklar þar sem olía er ekki geymd að staðaldri í námunni umfram það sem er á eldsneytistönkum véla. Þá er umferð sem fylgir námurekstrinum það lítil að líkur á umferðaróhöppum eru hverfandi. Skipulagsstofnun telur að áhrif efnistökkunnar á fisk verði óveruleg.

3.3 Áhrif á gróður

3.3.1 Mat framkvæmdaraðila

Í matsskýrslu Hólaskarðs kemur fram að varanlegt rask verði á gróðri á því svæði sem fyrirhugað sé að nýta til efnistöku. Framkvæmdasvæðið sé ekki innan marka stærri votlendissvæða og njóti því ekki verndar skv. 61. gr laga um náttúruvernd. Auravist og starmóavist séu ráðandi á svæðinu og sé verndargildi þeirra metið miðlungs. Lítil hætta sé á að framkvæmdin hafi teljandi áhrif á gróður.

3.3.2 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur verndargildi gróðurs á svæðinu ekki mikið. Jarðvegur er fremur rýr og myndar ekki samfellda þekju nema í lægðum. Engu að síður er um varanlegt rask á þeim gróðri sem þó er til staðar á svæðinu. Það er jákvætt að nýta eins og kostur er gróður og svörð og nota í frágang á þeim svæðum þar sem efnistöku hefur verið hætt. Skipulagsstofnun telur framkvæmdina hafa óveruleg áhrif á gróður.



3.4 Áhrif á fugla

3.4.1 Mat framkvæmdaraðila

Í matsskýrslu Hólaskarðs kemur fram að framkvæmdasvæðið sé hluti af svæði sem er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Á Suðurlandsundirlendi, frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði, sé almennt mikið fuglalíf, m.a. afar þétt varp ýmissa vaðfugla eins og spóa, jaðrakans, stelks og tjalds. Suðurlandsundirlendið hefur alþjóðlega þýðingu sem varpland fyrir himbrima, álf og skúm og á fartíma fyrir álf, heiðagæs, blesgæs og grágæs.

Fram kemur í matsskýrslu að helstu áhrif efnisvinnslunnar á fugla felist í hávaða sem geti fælt fugla tímabundið á meðan vinnsla stendur yfir. Framkvæmdin gæti haft einhver neikvæð áhrif á varp tegunda á valista sem hugsanlega verpa inn á svæðinu. Framkvæmdin nái þó ekki til umfangsmikils svæðis. Í vinnslu- og frágangsaætlun er gert ráð fyrir að vinna svæðið jafnt og þétt, frá suðvestur enda svæðis og austur eftir, og því eru bein áhrif hljóðmengunar á fuglalíf takmörkuð að umfangi á hverjum tíma. Búsvæði muni raskast en að sama skapi mun einhver breyting verða á þeim tegundum sem sækja í svæðið að framkvæmdum loknum, sé miðað við reynslu af efnistökusvæðinu í landi Berjaness vestan Affalls. Þar hefur öndum fjölgað á tjörnum sem myndast hafa vegna efnistökkunnar. Endur hafa auk þess nýtt tjarnarhólma til varps. Því megi gera ráð fyrir sambærilegri breytingu á fuglalífi við Affall og þeim tegundum sem sækja í svæðið þegar til lengri tíma er litið. Bein áhrif felast í því að gróður innan efnistökusvæðis mun raskast og að hluta til hverfa, sem hafi áhrif á fuglalíf á svæðinu. Á heildina litið eru áhrif á fuglalíf óviss, því að tegundasamsetning fugla gæti breyst eftir að framkvæmd lýkur.

3.4.2 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að þó svo að efnistökusvæðið við Affall sé innan mikilvæga fuglasvæðisins sem tekur yfir nánast allt Suðurlandsundirlendisins þá sé ekki líklegt að áhrif efnistökkunnar á fugla verði verulega neikvæð. Svæðið er landræma á milli staða sem hafa verið nýttir af mönnum í áratugi frá Affalli að túnum í landi Vorsabæjar. Jarðvegsþekja er rýr á fremur flötum melum. Sambærileg vistgerð og búsvæði fugla finnst á stóru svæði í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Fuglalíf telst í meðallagi fjölbreytt. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð efnistaka muni hafa nokkuð neikvæð áhrif á þá fugla sem nýti svæðið til búskapar. Jákvætt er að við frágang svæðis í lok efnistöku er stefnt að því að útbúa tjarnir með grónum hólum sem laði að fugla þegar efnistöku er hætt. Skipulagsstofnun tekur hins vegar undir með Náttúrufræðistofnun sem benti í umsögn sinni á að slík aðgerð gagnist ekki þeim tegundum sem tapi búsvæðum þar sem tjarnirnar muni laða að sér aðrar tegundir sem verði ekki fyrir búsvæðatapi vegna starfseminnar.

3.5 Áhrif á landslag og ásjúnd

3.5.1 Mat framkvæmdaraðila

Í matsskýrslu Hólaskarðs kemur fram að fyrirhugað efnistökusvæði á milli Affallsins í vestri og ræktaðra túna í austri í landi Vorsabæjar. Framkvæmdasvæðið sé rúman kílómetra í beinni loftlínu frá Suðurlandsvegi og um 10 km austan Hvolsvallar. Nú þegar sé búið að raska svæðinu vestan megin Affalls, í landi Berjaness, enda hafi þar verið stunduð efnistaka allt frá árinu 1960 og séu efnishaugar þar áberandi í landslaginu en lítt sýnilegir frá Suðurlandsvegi. Á meðan á vinnslu stendur í Vorsabæjarnámu megi gera ráð fyrir að áhrif efnistöku á landslag og ásjúnd verði sambærileg áhrifum efnistöku í landi Berjaness. Samlegðaráhrif efnistöku úr námum beggja vegna Affalls á landslag og ásjúnd verði staðbundin, tímabundin og óveruleg, þar sem að efnistöku lokinni verði landslagið aftur orðið flatt og líkara landslaginu í kring. Bein áhrif efnistökkunnar nái ekki yfir umfangsmikið svæði.



3.5.2 Niðurstaða

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni hafa nokkur staðbundin áhrif á landslag. Í stað sléttu mela með takmarkaðri gróðurþekju verður landið lækkað nokkuð og myndaðar tjarnir með hólum. Efnistakan mun hafa í för með sér nokkra umbreytingu á landformum á svæðinu en ef vel er að verki staðið með frágang verður skilið þannig við svæðið að það beri efnistöku lítt merki. Svæðið er skammt frá eldra efnistökusvæði sem er ófrágengið eftir áratuga efnistöku. Skipulagsstofnun hvetur til þess að hafist verði handa við frágang efnistökusvæðisins í landi Berjaness og það haft að markmiði að afmá að því marki sem unnt er ummerki efnistökkunnar. Með því móti verði yfirbragð þeirra og svipmót áþekkt og ásýnd beggja svæða mynda eina heild. Skipulagsstofnun telur að staðsetning efnistökusvæðisins sé þannig að það verði ógreinilegt frá þjóðvegi og ekki kunnugt um áfangastaði ferðafólks þar sem efnistakan blasir við. Í ljósi ofangreinds telur Skipulagsstofnun að áhrif efnistökkunnar á landslag og ásýnd verði nokkuð neikvæð.

4 Skipulag og leyfi

4.1 Skipulag

Náman er merkt nr. E-367 í Aðalskipulag Rangárþings eystra 2012-2024. Þar kemur fram að náman sé malarnáma sem sé 15.000 m² og 49.000 m³. Gera þarf breytingu á aðalskipulaginu ef veita á leyfi fyrir efnistöku upp á 630.000 m³ til viðbótar við það sem þegar hefur verið tekið af svæðinu.

4.2 Leyfi

Efnistakan er háð framkvæmdaleyfi Rangárþings eystra samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Þá ber að afla leyfis Fiskistofu samkvæmt 33. gr. laga. um lax- og silungsveiði ef fyrirhugað er að ráðast í framkvæmdir innan 100 metra fjarlægðar frá bakka árinna.

5 Niðurstaða

Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Hólaskarðs ehf. um allt að 630.000 m³ efnistöku í landi Vorsabæjar í Rangárþingi eystra sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða efnistöku í næsta nágrenni við ófrágengið efnistökusvæði sem hefur verið nýtt í áratugi. Fyrirhuguð efnistakan mun hafa nokkuð neikvæð áhrif á fugla, landslag og ásýnd. Þó svo að svæðið sé hluti af fuglaverndarsvæðinu sem teygir sig um nær allt Suðurlandsundirlendið þá er ekki mikill þéttleiki fugla á því svæði sem fer undir efnistöku. Tjarnir sem myndast í kjölfar efnistökkunnar munu í senn milda sjónræn áhrif hennar og verða aðdráttarafl fyrir fugla. Neikvæðustu umhverfisáhrifin eru varanleg áhrif á jarðmyndanir sem eru einkum straumvatnaset sem hafa myndast í jökulám fyrri tíma. Útbreiðsla þeirra er ekki fyllilega þekkt en verndargildið er ekki talið hátt. Skipulagsstofnun metur efnistökkuna hafa nokkuð neikvæð áhrif á jarðmyndanir. Gróðurþekja á svæðinu er ósamfelld, verndargildi gróðurs lítið og áhrif efnistökkunnar verða óveruleg á gróður. Engar minjar hafi fundist á vettvangi og aðkoma að efnistökusvæðinu og fjarlægð þess frá ánni geri það að verkum að litlar líkur séu á áhrifum á fiska.



Reykjavík, 30. nóvember 2021

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson